

Miðvikudaginn 18. apríl 1990.

Nr. 414/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Kjartani Guðjónssyni

(Eiríkur Tómasson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur Hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

I.

Með bréfi til ríkissaksóknara 11. janúar 1990 fór verjandi ákærða fram á, að leitað yrði umsagnar lækna ráðs um álitserð Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis. Kvað verjandinn ástæðu fyrir beiðninni einkum vera þá, að hann teldi álitserð læknisins hlutdræga og vilhalla. Tilgreinir verjandinn ummæli í niðurstöðu álitserðarinnar, þar sem segir, „að ekki sé neitt tilefni til þess að draga í efa framburð X hvernig áverkarnir hafi tilkomið“. Einnig vekur verjandinn athygli á framburði læknisins fyrir dómi um upprifinn húðflipa, sem fannst fremst í leggangaopi konunnar, þar sem hann sagði, „að slíkur áverki geti ekki verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda“.

Ríkissaksóknari óskaði þess af þessu tilefni, að læknirinn léti í té álit og veitti svör við athugasemdum verjandans.

Í bréfi til ríkissaksóknara 19. febrúar 1990 segir læknirinn m.a.: „Nauðgun er ekki sjúkdómsgreining, heldur úrskurður dómstóls. Undirrituðum var falið að gefa hlutlægt vottorð sem notast mætti sem sönnunargagn í hugsanlegu dómsmáli, að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins. Þetta felur í sér lýsingu á andlegu ástandi konunnar, almennu útliti konunnar þar með hvers konar augljósum áverkum, en þó einkum merki um sköddun á kynfærum og gefa

um það skýrslu. ... Niðurstáða mín er sú að í skoðun finni ég ekkert sem stangist á við frásögn aðila. Í niðurstöðu minni er hins vegar ekkert eigið mat lagt á það hvort frásögn aðila sé rétt eða röng né um það hvernig áverkarnir hafi til orðið í reynd. Rétt er að ítreka það að undirritaður hefur einungis annan aðilann að ræða við og skoða og hefur enga hugmynd um hinn aðilann/aðilana og hefur þar af leiðandi ekkert tilefni né ástæðu til þess að vera hlutdrægur.“

Eftir að ofangreint bréf lá fyrir, varð samkomulag milli sækjanda og verjanda um að flytja málið fyrir Hæstarétti, án þess að leitað yrði umsagnar læknaáðs.

II.

Aðfaranótt 16. apríl 1988 fóru ákærði og X saman af veitingastað í miðborg Reykjavíkur og að H, þar sem ákærði hafði herbergi á leigu. Þar ákærði fyrir dómi, að fyrir sér hefði vakað að komast yfir stúlkuna. Þeim ber saman um, að þau hafi, eftir að komið var heim til ákærða, látið vel hvort að öðru. Ljóst er og af frásögn beggja, að til þess dró, að átök urðu með þeim. Mikið ber hins vegar á milli í skýrslum þeirra um það, hvenær átök hófust. Stúlkan segir, að ákærði hafi beitt hana ofbeldi til að komast yfir hana, eftir að hún tjáði honum, að hún vildi ekki eiga við hann samfarir. Ákærði segir hins vegar, að þau hafi byrjað samfarir með fullum vilja stúlkunnar, en hún hafi síðan viljað hætta eftir skamma stund. Hafi hann látið að vilja hennar, en verið mjög misboðið, og þá hafist orðasenna og síðan átök í framhaldi af því. Bæði hafa verið stöðug í framburði sínum allt frá upphafi.

Í frumskýrslu lögreglumannsins Haralds Ólasonar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir m.a. svo: „X var illa á sig komin þegar við hittum hana fyrst í miklu sjokki og gat vart talað fyrir ekka, fót hennar aflaga og sokkabuxur hennar rifnar á hnjám og kenndi hana (sic) til á ýmsum stöðum um líkamann.“ Kærði stúlkan ákærða þá þegar fyrir nauðgun. Rannsóknarlögreglumaðurinn Guðmundur Gígja, sem yfirheyrði stúlkuna kl. 5.20 umræddan morgun, gerði sérstaka upplýsingaskýrslu um ástand hennar. Efni skýrslunnar er rakið í héraðsdómi. Segir þar m.a., að andlegt ástand stúlkunnar hafi verið mjög slæmt, og sé „þá haft til viðmiðunar ástand kæranda í samskonar málum“. Hér hefur þó einkum þýðingu vottorð kvensjúkdómálæknis þess, er skoðaði stúlkuna þegar

sama morgun. Greinir hann þar m.a. svo frá, að fremst í leggangaopi hafi verið upprifinn húðflipi, sennilega 0,5 cm langur, sem blæddi frá við snertingu. Þá hafi verið verulegur roði í inngangi legganga (introitus). Í niðurstöðu sinni segir læknirinn, að við kvensjúkdómaskoðun hafi sést áverkar, „sem ekki samrýmast neinu nema kynferðislegri misbeitingu, jafnvel nauðgun...“. Þegar læknirinn kom fyrir dóm og staðfesti vottorð sitt, var hann spurður um fyrrgreindan áverka, þ.e. upprifinn húðflipa í kynfærum konunnar. Kvað hann slíkan áverka ekki geta verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda.

Hér ber einnig að líta til annarra áverka á stúlkunni og þeirra áverka, sem ákærði bar sjálfur eftir þessa atburði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að leggja frásögn stúlkunnar til grundvallar og telja sannað í málinu, að ákærði hafi með líkamlegu ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis greint sinn og þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð miskabóta til X. Vaxtaákvæði héraðsdóms er ekki í samræmi við kröfugerð tjónþola. Fyrir Hæstarétti var vaxtaákvæði héraðsdóms ekki mótmælt. Eftir atvikum ákvarðast vextir eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, og einnig verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Guðjónsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 300.000 krónur í miskabætur með almennum sparisjóðsvöxtum frá 16. apríl 1988 til 14. júní 1989, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands, en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun

til skipaðs verjanda síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttar-
lögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykja-
víkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómará, kveð-
inn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 406/1989: Ákærvaldið gegn Kjartani
Guðjónssyni, sem dómtekið var 1. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. apríl
1989, á hendur ákærða, Kjartani Guðjónssyni, Sigtúni 21 í Reykjavík,
fæddum 2. febrúar 1965, með kennitölu 020265-5079, „fyrir nauðgun með
því að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1988 með ofbeldi þröngvað
stúlkunni X, fæddri [...] 1964, til holdlegs samræðis að þáverandi dvalar-
stað sínum að Túngötu 8 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr.
19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaða-
bóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Um kl. hálfítt laugardagsmorguninn 16. apríl 1988 sáu lögreglumenn,
sem óku niður Túngötu, til manns og konu á götunni. Þegar þeir nálgudust
fólkið, hljóp maðurinn inn í húsaгарdinn nr. 8 við Túngötu, en konan,
X, fædd [...] 1964, gaf sig fram við lögregluna og sagði, að maðurinn hefði
nauðgað sér í kjallaraherbergi hússins nr. 8. Var stúlkan mjög miður sín
og grátandi og fót hennar aflöguð. Lögreglumennirnir kölluðu á líðsauka,
og var maðurinn handtekinn á Öldugötu og færður á lögreglustöðina.
Reyndist það vera ákærði í máli þessu.

X gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins strax kl. 5.20 þennan
morgun. Að sögn Guðmundar Gígju rannsóknarlögreglumanns, sem ann-
aðist skýrslutökuna, var stúlkan „í mjög slæmu andlegu ástandi, og er þá
haft til viðmiðunar ástand kæranda í sams konar málum. Ekki voru
merkjanleg nein áfengisáhrif á kærandanum en sýnilegt að hann hafði
orðið fyrir áfalli, sem erfitt var að komast yfir. Það lýsti sér í grátköstum,
blönduðum reiði og þunglyndi. Þetta gerði það að verkum að erfitt var
að skrá skýra kæru, sem væri í föstu samhengi, og útilokað reyndist að
fara út í nákvæm smáatriði.“

Vitnið X skýrði frá því, að hún hefði kynnst ákærða í veitingastaðnum
Lækjartungli. Kvað hún vinkonur sínar hafa kynnt þau. Að dansleik þar
loknum hefði verið talað um að fara í samkvæmi upp í Grafarvog. Fyrst
hefði talast til með vitninu og ákærða að fara heim til hans í Túngötu

til að sækja áfengi. Á leiðinni þangað hefðu þau spjallað saman. Eftir að inn var komið, hefði hún farið úr kápunni, en ákærði úr jakkanum. Hefðu þau eitthvað spjallað saman og síðan sest á rúm ákærða og farið að kysast, þar sem þau sátu saman á rúminu. Vitnið kvaðst ekki hafa viljað láta þetta ganga lengra og telur, að hún hafi ekki leyft honum að fara höndum um sig innan klæða. Þegar ákærði fór að gerast ágengur, hefði vitnið sagt honum, að hún vildi ekki hafa við hann mök, þar sem hún hefði gengist undir móðurlífsskurð 6 vikum áður. Ákærði hefði þá tryllst og ráðist á hana og kallað hana öllum illum nöfnum, „hóru“ og „dræsu“, og slegið hana í andlitið og haldið henni fastri. Hann hefði dregið niður um hana sokkabuxur og nærbuxurnar að einhverju leyti. Vitnið kvaðst hafa brotist um og veitt mótspyrnu eftir megni. Einnig hefði hún hljóðað og kallað á hjálp. Ákærði hefði klætt hana úr jakka og brjóstahöldum, en pilsíð hefði verið uppi um hana. Kvað vitnið þetta allt hafa farið fram í rúmi ákærða. Vitnið kveðst muna eftir því, að ákærði hefði farið úr að ofan, en man ekki a.ö.l., hvort eða hvernig hann fækkaði fötum. Ákærði hefði síðan komið lim sínum inn í leggöng hennar, og kveðst vitnið hafa fundið til í móðurlífinu, á meðan á samræðinu stóð, vegna skurðaðgerðarinnar. Vitnið kvað ákærða hafa viðhaft samræðishreyfingar stutta stund. Hann hefði svo hætt, í og með að því að vitnið taldi, vegna mótspyrnu hennar, en einnig megi vera, að hann hefði séð að sér, enda hefði virst brá af honum annað slagið, meðan á átökum stóð. Kvað vitnið hann hafa virst vera eins og trylltur, meðan á þessu gekk. Þegar ákærði var hættur, kvaðst vitnið hafa sagt honum, að hún myndi kæra hann. Hann hefði þá tekið fyrir kverkar henni og kallað hana druslu og sagt, að hún kæmist aldrei upp með það, því að hann myndi drepa hana og enginn kæmist að þessu. Hefði hann margsinnis löðrungað hana og slegið hana með einhverju, sem líktist svipu. Ákærði virtist loks sefast, og kvaðst konan þá hafa getað klætt sig. Hefði hann leyft henni að fara út með því skilyrði, að hún segði engum frá þessu. Eftir að þau voru komin út, kvaðst vitnið hafa sagt eitthvað við ákærða, sem hefði reiðst við það og hrint henni utan í steinsteypuþröppur, sem eru á húsinu. Vitnið kvaðst svo hafa séð bifreið, sem kom niður Túngötuna, og hafi hún hrópað upp, að þarna væri lögregla, en ákærði hefði þá tekið til fótanna og horfið í aðra átt.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið að skemmta sér í veitingahúsinu Lækjartungli við Lækjargötu og hitt þar X, sem var þar með vinkonu sinni. Ákærði kvaðst hafa hitt stúlkuna aftur fyrir utan skemmtistaðinn eftir dansleikinn, og kvaðst hann hafa verið orðinn talsvert ölvaður. Hann hefði boðið stúlkunni heim til sín upp í Túngötu. Ekki kvaðst hann geta sagt, hvort stúlkann hefði verið ölvað, en eitthvað hefði hún þó verið búin að drekka. Eftir að þau voru komin heim til ákærða, um kl. 3.20 til 3.30,

hefðu þau strax farið að kyssast, og kvaðst ákærði hafa byrjað að klæða hana úr fötunum. Stúlkan hefði eitthvað virst treg í fyrstu, en hún hefði þó farið úr jakkanum og pilsinu, og e.t.v. hefði hann sjálfur hjálpað henni úr sokkabuxunum. Ákærði kvaðst sjálfur hafa tekið af henni brjóstahaldarann. Ákærði kvaðst hafa byrjað að klæða hana úr nærbuxunum og hún lokið við það. Ákærði kvaðst hafa klætt sig úr sjálfur, á meðan á þessu gekk, og hefðu þau látið vel hvort að öðru á meðan. Hefði hann farið höndum um stúlkuna og strokið á henni kynfærin. Stúlkan hefði ekkert minnst á leghálsaðgerð við sig. Á meðan á þessu stóð, hefðu þau legið út af í rúmi hans. Síðan hefðu þau hafið samfarir, og hefði það verið móttþróaust af hálfu stúlkunnar. Hefði limur hans runnið auðveldlega inn, enda hafi sköp stúlkunnar verið orðin „blaut“. Þegar samfarirnar höfðu staðið stutta stund, hefði stúlkan sagt: „Ekki, Kjartan,“ og viljað hætta samförunum. Ákærði kvaðst hafa reynt að telja um fyrir stúlkunni og haldið samförunum áfram í örfáar sekúndur, en stúlkan hefði þá ýtt honum ofan af sér. Ákærði segir, að sér hefði verið misboðið með þessu, og hefði hann klætt sig í buxurnar og farið að kalla stúlkuna öllum illum nöfnum, þar á meðal hóru, og sagt henni að koma sér út. Hefði hann snúið í hana baki um stund, og hefði stúlkan þá ráðist á hann og klórað hann á bakinu. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann löðrungaði stúlkuna þá eða hvenær hann gerði það, en telur, að hann hafi e.t.v. löðrungað stúlkuna fjórum sinnum. Stúlkan hefði strax klætt sig í brjóstahaldara og nærbuxur, en eitthvað hefði dregist, að hún klæddi sig í annað, e.t.v. vegna þess, að hún hafi ekki fundið fötin. Stúlkan hefði þó farið í föt sín, og taldi ákærði, að á meðan á þessu stóð, hefðu orðið einhver handalögmál milli þeirra. Kvaðst hann hafa snúið upp á handleggina á stúlkunni, en stúlkan hefði m.a. slegið til hans, og hefði hann þá snúið hana niður og lagt hana á rúm sitt og sagt henni að vera góð og koma sér út. Stúlkan hefði eitthvað róast og sagt við ákærða að vera ekki svona brjáláður. Þau hefðu svo bæði farið út, enda kvaðst ákærði sjálfur hafa ætlað niður í bæ. Ákærði kvað það hugsanlegt, að hann hefði eitthvað ýtt henni út. Eftir að út var komið, hefðu orðið einhverjar stimpingar með þeim, en einnig hefði það komið til tals með þeim að finna leigubíl handa stúlkunni. Ákærði kvaðst hafa farið út á miðja Túngötuna til að veifa þar leigubíl. Kvaðst ákærði vera viss um, að engin handalögmál voru með þeim, eftir að út úr garðinum var komið. Bifreið hefði borið þarna að og hafi það reynst vera lögreglubifreið. Hefði stúlkan staðið að baki sér og verið að hrópa á hjálp. Ákærði kvaðst almennt vera hræddur við lögregluna, og hefði hann því flýtt sér inn í garðinn aftur og farið yfir garðsvegginn hinum megin, en verið handtekinn nokkru seinna á Öldugötu, að hann taldi. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið stúlkuna með svipu, en kannast við að hafa tekið belti af slá

og slegið með því í rúmið. Ákærði kannaðist ekki við að hafa hótað stúlkunni neinu nema þá í mesta lagi í því skyni að reka hana út.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt áverka, sem fundust á kynfærum stúlkunnar, sbr. hér á eftir, og sagði aðra áverka á henni hljóta að hafa orðið í átökunum, eftir að samförunum lauk.

X kom til Arnars Haukssonar kvensjúkdómálæknis kl. 8 að morgni 16. apríl. Í vottorði læknisins segir svo:

„X er þroskapjálfanemi, býr hjá móður sinni, er í hálföstu sambandi við pilt, sem er í 4 mánaða skátaferðalagi erlendis. Hún hefur aldrei orðið ófrísk og er nú ekki á neinum getnaðarvörnum. Þar til viðbótar eru rétt 6 vikur liðnar frá því að hún kom af sjúkrahúsi vegna leghálsaðgerðar vegna forstigsbreytinga krabbameins. Hún hefur því margar ástæður fyrir því að á engan hátt hafa ætlað (sic) eða langað til samfara, fyrir utan það að hún hafði engan hug til slíks.

Viðtalið fer fram kl. 8.00 þann 16. apríl. X er í fyrstu alveg skelfingu lostin, hún brestur hvað eftir annað í grát og á mjög erfitt uppdráttar. Hún róast er á viðtalið líður. Hún gefur mjög greinargóð svör, og með tilliti til atburðarins sitja atvik óvenjuvel skýr fyrir hjá henni. Það er vínlykt af X, enda haft áfengi um hönd, en hún er ekki drukkin, hvorki í athöfnum né orði.

Aðspurð segist hún vera aum og illt víða í skrokknum. Hana sviði í leggöngin og það blæði af sér (sic). Þar að auki illt í báðum fótum, olnbogum, enda hafi maðurinn verið í því (sic) að henda sér til og gefið sér ótrúlega oft utan undir, og ef hún streittist of kröftuglega á móti löðrungaði hann hana með svipunni og danglaði í hana alla.

Skoðun: X er elsett smámarblettum og skráum. Allt þó léttir yfirborðsáverkar nema djúpur marblettur innanvert á vinstri upphandlegg líkt og eftir fast tak e.t.v. með gómi þumalfingurs. 2 x 4 cm fleiður yfir hægri viðbeini, 4 x 4 cm afrifa og hrúðruð fleiðurskráma á hægri hné (gerst utan dyra). Þá er hún bólgin á báðum kjálkabörðum og húðhrúfl á vinstra. Bólga að koma í ljós á hægri kinnbeini. Yfir vinstra herðablaði er 4 x 2 cm upphleypt bólga, önnur á vinstri rasskinn og enn önnur 4 x 4 aftan á vinstri hnésbót. Allveruleg bólga og mar innanvert og ofan vinstra ökkla (ofan malleolus med dext) svo og ofan vinstra olnboga og innanvert á hægri olnboga. 2x2 cm mar aftan á hálsi ofarlega. Auk ofannefnds eru (sic) fjöldi smá bólgubletta og skráma einkum á framhandleggjum, báðum, þó meira á hægri. Bólgumar ofan hægri brjósts og innanvert við nára á hægri læri.

Föt: Nærbuxur X eru rifnar í klofið og blóðugar, og sokkarbuxur rifnar og tættar á hægri fæti, svarandi til áverka á hné.

Kvensjúkdómaskoðun: Fremst í leggangaopi er upprifinn húðflipi, sennilega 0,5 cm langur og blæðir frá við snertingu. Að auki er verulegur roði

í inngangi legganga (introitus). Við skoðun í leggöng, sést eðlilegur legháls með tilliti til eftirtíma frá aðgerð. Það er svolitíð blóðlitað slím (að öllum líkindum komið frá leghálsi við verknaðinn) í leggöngum, en líkist ekki sæðisblönduðu slími. Vert er að geta þess að vika er í það að X eigi að hafa á klæðum. Tekið var sýni fyrir sæðisfrumuleit, en engar (sic) fundust.

Niðurstæða.

X hélt eftir dansleik heim með geðugum ungum manni að því hún hélt til að ná í eitthvað áður en þau færu í party. Þar umturnast maðurinn er hún vill ekki þýðast hann. Kallar hana illum nöfnum, og valdbeitir (sic) hana, bæði andlega og líkamlega. Löðrunga hana trekk í trekk (sic), hrindir og þústrar og jafnvel dregur fram svipu, sem hann slær hana með ef honum finnst hún berjist of á móti. X er vitstola af skelfingu og verst sem hún þorir, en hann hefur í fullu tré við hana og tekst að nauðga henni, en hefur þó ekki haft sáðlát.

X ber öll ytri merki þess að hún segi satt, og við kvensjúkdómaskoðun sjást áverkar sem ekki samrýmast neinu nema kynferðislegri misbeitingu, jafnvel nauðgun, eins og X heldur fram og vill kæra. Eins og hún segir: „til þess að hjálpa manningum og forða öðrum frá að lenda í honum“. Niðurstæða skoðunar er sú að ekki sé neitt tilefni til þess að draga í efa framburð X hvernig áverkarnir hafi tilkomið.“

Læknirinn hefur hér fyrir dómi skýrt frá því, að greinileg hafi verið ummerki eftir leghálsaðgerð hjá X. Sárið hafi ekki verið að fullu gróið, en slík sár séu um 6 vikur að gróa að fullu. Um upprifinn húðflipa á kynfærum konunnar sagði læknirinn, að slíkur áverki gæti ekki verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda. Þá sagði hann, að leghálsaðgerðin kæmi ekki í veg fyrir samfarir út af fyrir sig og ylli ekki sársauka nema við djúpan „coitus“. Aftur á móti fylgi slíkri aðgerð mikil útferð blóðs og slíms, og konur veigri sér af þeim sökum oft við samförum eftir slíkar aðgerðir. Taldi vitnið þó, að blóðið í leggöngum X hefði frekar borið vitni um komandi tíðablæðingar, en ekki væri hægt að fullyrða, hvort blóðið væri tíðablóð eða komið úr skurðsárinu á leghálsinum sjálfum. Væri því ofsagt um það atriði í vottorðinu. Vitnið taldi líklegt, að blóðið í klofbótinni á nærbuxunum væri komið úr húðflipanum, enda hafði blætt úr honum við snertingu. Vitnið kvaðst ekki geta borið um, hvort stúlkan hefði verið í buxunum ranghverfum eða ekki.

Vitnið kvað leghálsaðgerðir af þessu tagi vera gerðar með leysigeisla, sem brenni í sundur taugar og valdi tilfinningaleysi í allt að 6 mánuði. Sé konum ráðlagt að hafa ekki samfarir í einn mánuð eftir slíkar leghálsaðgerðir. Vitnið kvað áverka á konunni hafa alla verið nýlega, í hæsta lagi tveggja sólarhringa, en líklegast innan við sólarhringsgamla. Áverkinn í legganga-

opi hafi verið mjög nýlegur og hljóti að hafa valdið stúlkunni miklum sársauka.

Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður skoðaði fatnað X. Samkvæmt lýsingu hans hafði mittisteygja í nærbuxum losnað frá flikinni á nokkrum stöðum. Teygja um vinstra læri hafði einnig losnað frá og var auk þess slitin sundur við mjöðm og þar rífið upp í flikina. Klofbót var að mestu rifin úr buxunum. Taldi rannsóknarlögreglumaðurinn þessi ummerki dæmigerð fyrir það, þegar flikur séu teygðar af afli, þar til þær slitni. Blóð hefði verið í klofi að utanverðu, sem benti til þess, að stúlkan hafi gengið í buxunum ranghverfum, meðan henni blæddi. Á sokkabuxum hennar var 5 x 5 cm gat á vinstra hné og lykkjuföll upp frá því. Taldi lögreglumaðurinn það geta stafað af því, að stúlkan hefði dottið á hnéd.

Ákærði hefur skýrt ummerkin á nærbuxunum á þann veg, að hann hafi rífið í þær, eftir að X var komin í þær, og sagt: „Viltu, að ég rífi nærbuxurnar þínar?“ Ekki hefði þetta verið gert í neinum kynferðislegum tilgangi, heldur bara til þess að herða á því, að hún færi.

Ljósmyndir voru teknar af áverkum á X og ákærða og af fötum hennar. Á ljósmyndum af stúlkunni má sjá marbletti á vinstra læri og hægri kálfa stúlkunnar. Á myndum af ákærða sjást rispur á baki, bringu, kvið og handlegg, sem gætu verið eftir neglur. Þá voru teknar myndir af herbergi ákærða 16. apríl 1988, í kjallaranum að öðru leyti og húsinu og húsgarði. Í málinu eru auk þess grunnteikning rannsóknarlögreglu af kjallaranum og riss Stefáns Benediktssonar, þjóðgarðsvarðar og arkítektis, sem býr í næsta herbergi við ákærða ásamt konu sinni, Birnu Björgu Berndsen. Af teikningunum og frásögn þeirra hjóna kemur fram, að þykkur steinveggur sé á milli herbergjanna, sem bæði snúa út að Túngötu. Að sögn þeirra hjóna verði að hrópa fullum hálsi, til þess að heyrast á milli herbergjanna. Mikill umferðargnýr berist inn af götunni. Stigi er niður í kjallarann við miðbik hússins, og eru dyr inn til ákærða. Að herbergi Stefáns og Birnu verður að fara um geymslugang og tvennar dyr. Kveður Stefán vera erfitt að loka dyrunum, og munu þær af þeim sökum hafa verið í hálfá gátt um nóttina. Að sögn þeirra hjóna komu þau heim um kl. 3 þessa nótt eftir nokkra áfengisneyslu. Hefðu þau sofið fast fram á morguninn og einskis orðið vör.

Ásta Kristín Kristjánsdóttir, móðir Birnu Bjargar, var vakandi í svefnherbergi sínu á efri hæð hússins. Kvaðst hún hafa orðið vör við, þegar þau Stefán komu heim. Hefði hún heyrt kjökur og talið, að það væri í Birnu Björgu. Eins taldi hún, að hún hefði heyrt ákærða segja halló. Sagðist vitnið þó ekki treysta sér til þess að fullyrða, að hana hafi ekki dreymt þetta hvort tveggja, en annað hefði hún ekki heyrt. Vitnið kvað tvö timburgólf vera á milli herbergis síns og kjallarans. Hljóðbært sé í húsinu og hún sofi laust.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var fengin til þess að mæla annars vegar hljóðburð á milli herbergis ákærða og herbergis þeirra Stefáns Benediktssonar og Birnu Bjargar Berndsen og hins vegar milli herbergis ákærða og risherbergis Ástu Kristínar Kristjánsdóttur. Í stuttu máli sagt var niðurstaða mælinganna sú, að hróp ættu að heyrast á milli kjallara-herbergjanna, en ekki upp í risið. Þessi niðurstaða væri þó ekki einhlit, því að styrkur hrópsins og tíðnisamsetning þess skiptu máli svo og styrkur annars hávaða, sem gæti yfirgnæft hrópið.

Gerð var leit í íbúðarherbergi ákærða 2. júní 1988, og fannst þá engin svipan. Aftur á móti má sjá á ljósmyndum, sem áður er getið, að tvær mittisólar með sylgjum hanga við herbergisdyr ákærða.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft samræði við X, en algerlega neitað að hafa þröngvað henni til þess. Frásögn hans er um margt ótrúverðug og rekst á frásögn X um veigamikil atriði. Frásögn X hefur aftur á móti í öllum aðalatriðum verið sjálfri sér samkvæm og hefur stuðning af vitnisburði annarra, áverkum á henni sjálfri og á ákærða og ummerkjum á fatnaði. Þá gerir það frásögn vitnisins trúlega, að hún hafði nýlega gengist undir móðurlífsskurð. Verður með þessu að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi þröngvað X til holdlegs samræðis í íbúðarherbergi sínu í Túngötu 8 laugardagsnóttina 16. apríl 1988 og þannig gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu X hefur þess verið krafist með skírskotun til 264. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði greiði henni 300.000 krónur í miskabætur ásamt almennum sparisjóðsvöxtum frá 16. apríl 1988 til greiðsludags. Þegar höfð eru í huga öll atvik og sérstaklega nýlegur móðurlífsskurður stúlkunnar, þykir mega taka kröfuna að fullu til greina og dæma ákærða til þess að greiða henni þessa fjárhæð ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærða hefur ekki verið refsað áður, en árið 1980 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum fyrir eignaspjöll. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða fébætur eins og að framan greinir.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 65.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Guðjónsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 300.000 krónur í miskabætur ásamt almennum

vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 16. apríl 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 65.000 krónur.
